

A 1777/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um
**þingmannatillögu um að hrinda af stokkunum norrænu tónlistarverkefni –
Spil Nordisk**

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún ráðist í stefnumótandi aðgerðir með það að markmiði að styrkja allar greinar norræns tónlistarlífs, meðal annars á þann hátt að norrænni tónlist verði gert hærra undir höfði í dagskrá norrænu almannaþjónustustöðvanna.

Bakgrunnur

Flokkahópur jafnaðarmanna lagði fram þingmannatillögu um að *hrinda af stokkunum norrænu tónlistarverkefni – Spil Nordisk* (A 1777/kultur) á þinginu í Ósló 2018.

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún veiti fé til þriggja ára undirbúnings- og aðlögunartímabils.

Í tillögunni kemur fram að hugmyndin að Spil Nordisk eigi rætur að rekja til samtakanna Spil Dansk. Hugsunin er sú að eina tiltekna viku á hverju ári verði öll dagskrá norrænu almannaþjónustustöðvanna helguð norrænni tónlist eingöngu. Í tengslum við Spil Nordisk er jafnframt fyrirhugað að skipuleggja viðburði á tónleikastöðum, í staðbundnum útvarpsstöðvum, á tónlistarhátíðum o.s.frv., ásamt því að miðla upplýsingum um gildi norrænnar tónlistar. Spil Nordisk á að auka gæði og fjölbreytni norrænnar tónlistar í samhengi ólíkra tónlistartegunda, á þjóðlegan hátt, sögulega, nútímalega og til framtíðar. Verkefninu er ætlað að efla norrænt tónlistarlíf með því að stuðla að nýju samstarfi og þátttöku allra hópa tónlistarunnenda, áheyrenda og tónleikahaldara og skapa grundvöll fyrir samheldni og samstöðu í samfélaginu með samræðum og víðfeðmri þátttöku með tónlistina að vopni.



Sjónarmið nefndarinnar

Nefndarmenn lýsa sig sammála þeirri niðurstöðu flokkahóps jafnaðarmanna að gera þurfi norrænni tónlist hærra undir höfði á Norðurlöndum. Tónlistarsköpun og tónlistarútgáfa á Norðurlöndum þykir eiga undir högg að sækja vegna ásóknar erlendis frá. Ungt fólk nýtir sér nú á dögum streymiþjónustur á borð við Spotify og Apple Music til þess að hlusta á tónlist. Þar er tónlist frá Englandi og Bandaríkjunum mest áberandi og vikur nær öllu öðru til hliðar. Samhliða á sér stað á Norðurlöndum útgáfa og flutningur á vandaðri tónlist, sem einnig er dreift á alþjóðavettvangi. Þekkingu á norrænni tónlist í norrænu ríkjunum sjálfum er aftur á móti ábótavant. Norræni menningarsjóðurinn hefur brugðist við þessu með verkefninu Puls sem hefur þann tilgang að gera tónleikastöðum hvarvetna á Norðurlöndum kleift að bóka norrænar dægurlagasveitir til að koma fram. Þá hafa ráðherrar menningarmála á Norðurlöndum (MR-K) ákveðið að styðja Puls með fjárveitingu sem nemur 1 milljón DKK árið 2019.

Tillagan hefur þó víðari skírskotun en Puls að því leyti að undir hana falla allar gerðir tónlistar og allir aldurshópar, og að hún er til þess fallin að ná eyrum stórra hópa áheyrenda ef allar norrænu almannaðjónustustöðvarnar taka höndum saman um að leika norræna tónlist eingöngu um einnar viku skeið. Að auki eru uppi áform um tónleika norrænna tónlistarhópa, skapandi tónlistarbúðir (*co-writing camps*) þar sem atvinnumenn á sviði lagasmíða, tónsmíða og framleiðslu tónlistar geta komið saman og unnið að gerð norrænna tónlistar, og eftir atvikum stóra tónleika til útsendingar í sjónvarpi með þátttöku sinfóníuhljómsveitar, dægurlagasveita, einsöngvara og einleikara.

Þekkingar- og menningarnefndin telur æskilegt að beina athyglinni að sameiginlegum úrlausnarefnum og aðgerðum á vettvangi stjórnmálanna fremur en tilteknum verkefnum eða styrkþegum. Með hliðsjón af því, svo og hinu að fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar tekur aðeins til eins árs í senn, leggur nefndin til að tillöguliðurinn verði orðaður sem hér segir:

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún ráðist í stefnumótandi aðgerðir með það að markmiði að styrkja allar greinar norræns tónlistarlífs, meðal annars á þann hátt að norrænni tónlist verði gert hærra undir höfði í dagskrá norrænu almannaðjónustustöðvanna.



Reykjavík, 22. janúar 2019

Annette Lind (S)

Aron Emilsson (SD)

Gisle Meininger Saudland (FrP)

Johanna Karimäki (gröna)

Jorodd Asphjell (A)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Lars Mejern Larsson (S)

Magni Arge (T)

Marianne Synnes (H)

Paavo Arhinmäki (vänst)

Tony Wikström (ÅSD)